



**153. fundur
leikskólanefndar
haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,
fimmtudaginn 25. maí 2023 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Matthías Páll Imsland, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Hermann Ármannsson, Jóhanna Pálsdóttir, Hreiðar Oddsson, Eva Sjöfn Helgadóttir, Karen Rúnarsdóttir, Bryndís Baldvinsdóttir, Sigríður Kristín Sigurðardóttir, Guðrún B I le Sage de Fontenay, Anna Birna Snæbjörnsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir, Pálmi Þór Másson og Marianna Guðríður Einarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri Leikskóla

Dagskrá:

1. 1911584 - Umsóknir um þróunarstyrki úr þróunarsjóði leikskóla.
Tillaga lögð fram um styrkþega úr þróunarsjóði leikskóla.
Leikskólanefnd samþykkir.
2. 2203417 - Daggæsla-Umsókn og endurnýjun á leyfi. Þjónustusamningar 2022-2023
Beiðni um endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi lagt fram til samþykktar.
Leikskólanefnd samþykkir endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi.
3. 2204073 - Daggæsla-Umsókn og endurnýjun á leyfi. Þjónustusamningar 2021-2023
Beiðni um endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi lagt fram til samþykktar.
Leikskólanefnd samþykkir endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi.
4. 23011495 - Leikskólinn Austurkór óskar eftir 6. skipulagsdegi vegna námsferðar erlendis.
Leikskólinn Austurkór óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022 -2023 vegna námsferðar erlendis.
Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Austurkórs um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla.
5. 220426377 - Starfsáætlun leikskólans Núps skólaárið 2022-2023
Starfsáætlun leikskólans Núps fyrir skólaárið 2022- 2023 lögð fram til samþykktar.
Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Núps með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.
6. 2204677 - Starfsáætlun leikskólans Kórs skólaárið 2022-2023
Starfsáætlun leikskólans Kórs fyrir skólaárið 2022- 2023 lögð fram til samþykktar



Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Kórs með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.

7. 2212604 - Menntasvið-leikskóladeild, styrkir til náms leikskólakennara.

Tillaga lögð fram til samþykktar um endurskoðun á reglum um námsstyrki í leikskólum Kópavogs. Endurskoðunin var á framsetningu reglnanna til að gera þær skýrari og einfaldari og einnig voru minniháttar efnislegar breytingar.

Leikskólanefnd samþykkir tillöguna.

8. 2306080 - Verkföll hjá starfsfólki SFK í leikskólum Kópavogs.

Bókanir lagðar fram.

Bókun.

Fulltrúar Pírata, Vina Kópavogs, Samfylkingar og Viðreisnar hvetja Kópavogsbæ til þess að semja hratt og örugglega í kjarasamningum við félagsmenn BSRB. Það er mjög mikilvægt starfsfólk í leikskólakerfinu. Það er öllum til bóta að leikskólar bæjarins séu fullstarfandi. Þá sérstaklega með nám barnanna fyrir augum en einnig fyrir atvinnulífið.

Eva Sjöfn Helgadóttir

Hreiðar Oddsson

Guðrún B I Le Sage de Fontenay

Jóhanna Pálsdóttir

Bókun.

Fulltrúi SAMLEIK styður við baráttu allra leikskólastarfsmanna til bættra kjara. Það er brýnt hagsmunamál fjölskyldna barna á leikskólaaldri að samningar komist á sem fyrst svo ekki komi til frekari raskana á því mikilvæga starfi sem fer fram í leikskólum Kópavogs.

Karen Rúnarsdóttir.

9. 2212606 - Úthlutun barna í leikskóla Kópavogs

Bókun lögð fram.

Bókun.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks leggur fram eftirfarandi bókun. Lagt er til að menntasvið útfæri hvernig hægt er að bjóða elsta árgangi í leikskólum bæjarins að hefja nám í gunnskólum bæjarins haustið 2023.

Ljóst er að í ár verða börnum ekki úthlutað leikskólavistun eins og verið hefur sl. vor. Það gæti valdið fjölskyldum vandræðum.

Mikilvægt er að bregðast skjótt við þessu ástandi og því leggur undirritaður til að menntasviði verði falið, nú þegar, að útfæra hvernig hægt er að bjóða elsta árgangi(2018) í leikskólum bæjarins að hefja nám í grunnskólum haustið 2023(sbr. Ísaksskóli). Með því verður hægt að taka yngri börn inn í leikskólana í haust.

Tilgangurinn er að efla grunnskólanám barnanna og opna pláss fyrir yngri börn sem munu geta hafið nám í leikskóla.

Hermann Ármannsson



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026